

REGLUGERÐ

um eyðingu refa í Norður-Ísafjarðarsýslu.

97

30. ágúst

1. gr.

Hreppsnefndir annast eyðingu refa.

2. gr.

Refum skal eyða með skotum eða á annan hátt, er ekki veldur dýrunum langvinnar kvalar. Óheimilt er að viðhafa eitrun eða að nota dýraboga.

3. gr.

Áður en 3 vikur eru af sumri skal hreppsnefnd hafa skipað fyrir um grenjaleitir er fara fram áður en sjö vikur eru af sumri. Búandi hver skal kosta leitina í landi ábúðarjarðar sinnar. Grenjaleitir í löndum eyðijarða kostar sveitarsjóður.

Nú eiga tveir eða fleiri hreppar leitarsvæði saman, annast þeir þá og kosta grenjaleitir í sameiningu. Nú fær hreppsnefnd vitneskju eða sterkan grun um það, að refir hafizt við í landi einhverrar jarðar, skal hún þá skora á ábúanda jarðarinnar að fá vel hæfan mann til þess að leita í nefndu landi. Sinni ábúandi þessu eigi, getur hreppsnefndin látið framkvæma leitina á hans kostnað.

4. gr.

Hver hreppsnefnd ræður skotmann og ef ástæða þykir til, sérstakan vökumann, er skotmaður tekur gildan. Semur hún við skotmann um grenjavinnsluna og tilkynnir hreppsbúum hvern hún hafi ráðið. Skotmaður skal jafnan viðbúinn að fara í gren þá er það finnst og honum hefir verið gert viðvart. Eigi mega aðrir vinna gren eða taka yrðlinga, nema atvik liggi svo til, að ekki hafi náðst í skotmann í tæka tíð.

5. gr.

Nú finnst gren í grenjaleit eða á annan hátt, skal það þá ef unnt er ekki yfirgefið. En finni það aðeins einn maður og aðrir séu eigi nærstaddir, svo að hann þess vegna verði að yfirgefa grenið til þess að láta vita af því, skal hann hraða för sinni sem mest til næsta búanda, og búandinn skyldur að tilkynna tafarlaust skotmanni eða næsta hreppsnefndarmanni grenfundinn, en sá er grenið fann fer án tafar á það aftur og yfirgefur það ekki fyrr en skotmaður eða vökumaður kemur. Þó er ferðamanni ekki skylt að fara aftur á gren er hann hefir fundið, en þá sendir búandinn mann í hans stað.

6. gr.

Allir yrðlingar, sem teknir eru á greni eða annarsstaðar á viðavangi eru eign þess sveitarfélags eða þeirra sveitarfélaga, sem annast um grenjavinnslu á því svæði, enda greiði sveitarfélögin allan kostnað við grenjavinnsluna. Heimilt er þó ábúanda að taka þátt í grenjavinnslunni á þann hátt, að vera helming kostnaðar af greni, er finnst í landi hans. Allur annar refaveiðakostnaður greiðist þá af sveitarsjóði. Yrðlingar og aðrar tekjur af grenjavinnslunni skiptast þá einnig eftir sömu hlutföllum, sem greiðsla kostnaðarins, en hreppsnefndir hafa aðalumsjón með geymslu yrðlinga, flutning á þeim og sölu.

Tilkynning ábúanda um, að hann óski að taka þátt í grenjavinnslunni, skal vera skrifleg og afhent hlutaðeigandi hreppsnefndaroddvita fyrir næsta sumardag, áður en grenjavinnsla fer fram.

97

30. ágúst

Borgun til skotmanna fer eftir því sem um semst milli þeirra og hreppsnefndar og má greiðsla, ef hentug þykir, vera andvirði tekinnna yrðlinga eða hluti af því. Nú er unnið gren, að einhverju eða öllu leyti, af öðrum en skotmanni, samkv. niðurl. 4. gr., skal þá sá, er dýrunum náði, fá borgun, sem ekki má vera minni en helmingur þess, er hinn ráðni skotmaður hefði fengið, og aldrei meira en hann hefði haft.

8. gr.

Hreppsnefndir skulu fyrir 1. des. ár hvert leggja fram sundurliðaðan reikning yfir tekjur og kostnað við eyðingu refa á afréttar- eða heimalöndum þeirra.

9. gr.

Nú vinnst hlaupadýr á tímabilinu frá því 10 vikur af sumri til októberloka og á þá skotmaður 10 kr. fyrir hvert dýr, er hann sannar fyrir sýslunefnd að hann hafi unnið, en vinnist dýr á tímabilinu frá 1. nóv. þar til 3 vikur af sumri, á skotmaður á sama hátt 2 kr. fyrir hvert dýr. Gjaldið greiðist úr sýslusjóði.

10. gr.

Engu má raska á greni nema með samþykki og fyrirsögn hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Ekki má láta hunda hlaupa á gren á grenjavinnslutímanum, né hafa þar óþarfa umgang eða hark.

11. gr.

Sveitarstjórn heldur skrá yfir öll þekkt gren og gerir stutta lýsingu á þeim. Hún skal láta byggja vörður og skotbyrgi við gren, þar sem þörf er á, og halda þeim við. Hún getur einnig látið laga skemmd gren sem auðunnin eru, en ónýta önnur, sem torunnin eru.

12. gr.

Með refaeldi og refarækt fer eftir lögum nr. 38, 13. júní 1937, um refaveiðar og loðdýrarækt og loðdýralánadeild og reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur um þau efni.

13. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá 20—5000 kr., er renni í sýslusjóð og skal með þau farið sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 108, 11. ágúst 1933 og lögum nr. 38, 13. júní 1937 til að öðlast gildi 1. september 1937 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. ágúst 1937.

Hermann Jónasson.

Vígfús Einarsson.